Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideilda, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L	Lokaverkefni	Haust/vor
---------	--------------	-----------

Kennsluskrá

[Önnur klínísk sérhæfing](#)

2.2 MS – Hjúkrunarstjórnun og forysta (120e)

Umsjón með náminu: Helga Bragadóttir, helgabra@hi.is

Þekking í hjúkrunarstjórnun og forystu er mikilvæg öllum hjúkrunarfræðingum og hefur áhrif á gæði heilbrigðisþjónustunnar. Hjúkrunarstjórnun felur í sér samþættingu hjúkrunarmeðferða, skipulags, mannauðs, aðfanga og fjár og varðar nýtingu bestu þekkingar og rekstur heilbrigðisstofnana. Í meistaranámi í hjúkrunarstjórnun er lögð áhersla á að dýpka þekkingu, skilning og færni nemenda á þessu sviði og þar með undirbúa þá til starfa sem stjórnendur og leiðtoga í hjúkrun.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (42e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
---------	--------------------------------------	-------

HJÚ135F	Hagnýt tölfraði (6e)	Haust
HJÚ142F	Rekstur og heilbrigðisþjónusta (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting megindlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ258F	Forysta í heilbrigðisþjónustu (6e)	Vor 2026
HJÚ259F	Stjórnun í heilbrigðisþjónustu (6e)	Vor 2025
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)	Haust/Vor*

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

Bundið val (6-10e)

OSS102F	Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga (6e)	Haust
OSS204F	Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana (6e)	Vor
VIÐ175F	Velliðan og heilsueflandi þjónandi forysta (7,5e)	Haust
VIÐ190F	Breytingastjórnun (7,5e)	Haust
NAF003F	Nám fullorðinna og þróun mannauðs (10e)	Haust

Valnámskeið (8-12e)

Nemendum er sérstaklega bent á námskeið í Hjúkrunar- og ljósmóðurfraeðideild og námskeið í Mannauðsstjórnun (VIÐ), Opinberri stjórnsýslu (OSS), Stjórnun og stefnumótun (VIÐ) og Lýðheilsuvísindum (LÝÐ). Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá fleiri dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L	Lokaverkefni	Haust/vor
---------	--------------	-----------

Kennsluskrá

[Hjúkrunarstjórnun og forysta](#)

2.3 MS - Rannsóknþjálfun (120e)

Meistaránám með áherslu á rannsóknþjálfun er til 120 eininga, þar af er rannsóknarverkefnið 60 einingar. Markmið námsins er að efla fræðilega þekkingu á ákveðnu sérsviði hjúkrunar, þjálfa hjúkrunarfræðinga í vísindalegum vinnubrögðum og auka færni þeirra í rannsóknastörfum og þróunarverkefnum.

Þegar sótt er um meistaránám með áherslu á rannsóknir þarf að vera búíð að semja við væntanlegan leiðbeinanda. Eftir að nám er hafið leggur nemandi fram rannsóknaráætlun í samvinnu við leiðbeinanda sem rannsóknanámsnefnd þarf að samþykkja áður en framkvæmd rannsóknar hefst.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (24e)

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
HJÚ135F	Hagnýt tölfraði (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting megindlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)*	Haust/Vor

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra

meistaranaema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

Valnámskeið (6e)

Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Meistaraverkefni (60e)

HJÚ441L

Lokaverkefni

Haust/vor

Kennsluskrá

Rannsóknabjálfun

2.4 MS - Geðhjúkrun (120e) – HÍ/HA

Umsjón með náminu: Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir (eydiskr@hi.is) ásamt námsstjórn sem er skipuð til þriggja ára í senn af sviðsforsetum heilbrigðisvísindasviða við HÍ og HA.

Markmið námsins er að mennta geðhjúkrunarfræðinga til leiðandi starfa innan heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem og skólakerfis. Megin áherslur í náminu eru á aukna klíníska þekkingu og færni, styrkingu fagmennsku og rannsóknarfærni. Megin markmið meistaranáms í geðhjúkrun er að mæta þörfum notenda geðheilbrigðisþjónustunnar og fjölskyldna þeirra í sem víðustu samhengi.

Námið er skipulagt í samstarfi Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar HÍ, Heilbrigðisvísindasviðs HA og geðsvið Landspítala, Sjúkrahússins á Akureyri og Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins. Að námi loknu útskrifast nemendur með sameiginlega gráðu frá HÍ og HA.

Námið samanstendur af 120 ECTS, 86 ECTS bóklegum námskeiðum með umsjón ýmist frá Háskólanum á Akureyri eða Háskóla Íslands, og 14 ECTS klínískum námskeiðum með umsjón frá Háskóla Íslands en í samvinnu við Landspítala.

Mat á fyrra námi

Allt að 20 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5.

Skyldunámskeið (100e)

Bóknámskeið

HJÚ143F	Þekkingarþróun í hjúkrunarfræði (6e)	Haust
GHB0110150	Geðheilbrigði (10e)	Haust (HA)
MER0110120	Megindlegar rannsóknir (10e)	Haust (HA)
HJÚ253F	Eigindleg aðferðarfræði (6e)	Vor
HJÚ269F	Hjúkrun á sérsviði II - Þróun meðferða og þjónustu (6e)	Vor
HJÚ169F	Hugræn atferlismeðferð á tímum lífsbreytinga (6e)	Vor
HJÚ0ADF	Sérhæfð fjölskylduhjúkrun (6e)	Vor
HJÚ0AFF	Geðlyfjafræði fyrir fagfólk í heilbrigðisvísindum (6e)	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)*	Haust/Vor

Klínísk námskeið

HJÚ167F	Geðrænt mat og greining (4e)	Haust
HJÚ168F	Geðhjúkrun I: Samtalsmeðferð fyrir einstaklinga og hópa (4e)	Haust
HJÚ277F	Geðhjúkrun II: Samtalsmeðferð fyrir einstaklinga og hópa (6e)	Vor

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

Meistaraverkefni (30e)

HJÚ441L	Lokaverkefni	Haust/Vor
EÐA		
MPR0130170	Meistararannsókn	Haust/Vor (HA)

Á vorönn á öðru ári ráða nemendur hvort þeir taka MPR0130170 Meistararannsóknir 30e í HA eða HJÚ441L Lokaverkefni 30e í HÍ.

Kennsluskrá

[Geðhjúkrun](#)

2.5 MS – Heilbrigðisvísindi (120e)

Meginmarkmið námsleiðarinnar, MS í heilbrigðisvísindum er að veita fólki með fjölbreyttar háskólagráður möguleika á þverfræðilegu námi og að undirbúa fólk til starfa í þjóðfélaginu sem hefur þekkingu, leikni og hæfni í aðferðum heilbrigðisvísinda. Það er samfélagslegur ávinningur af því að auka fjölda fólks sem getur unnið víða og byggt á kunnáttu í heilbrigðisvísindum.

Markmið meistaranámsins er að mennta fólk til rannsóknarstarfa, nýsköpunar og þróunar á heilbrigðisviði. Einnig að nemendur fái gott yfirlit og innsýn í rannsóknaraðferðir í grein sinni, öðlist þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og rannsóknum og fái traustan undirbúning undir doktorsnám og ýmis störf, þ. á m. á sínu sérsviði.

Meistaránám í heilbrigðisvísindum veitir aðgang að doktorsnámi en ekki sérstök starfsréttindi. Samstarfsaðilar innan og utan háskólans geta verið fjölmargir eins og í öðru meistaranámi allt eftir eðli rannsóknaverkefna.

Námsleiðin fellur undir skipulag þverfræðilegs framhaldsnáms og felst í samvinnu allra deilda Heilbrigðisvísindasviðs.

Skilgreind lengd og tilhögun náms

Tveggja ára nám, fjögur misseri, þar af námskeið tvö misseri (60 einingar) og lokaverkefni tvö misseri (60 einingar). Einnig er heimilt að gera 90 eininga lokaverkefni (þrjú misseri) og eru námskeið þá alls 30 einingar (eitt misseri).

Námskeið eru valin í samráði við umsjónakennara / leiðbeinanda. Ath. þó skyldunámskeið fyrir þá nemendur sem stunda námið við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild.

Skyldunámskeið (18e)

HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði	Haust/Vor
HJÚ135F	Hagnýt tölfraði (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting megindlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor

Nemendur geta tekið HVS009F Málstofu meistaranema í heilbrigðisvísindum I í staðinn fyrir HJÚ0AIF Málstofu í hjúkrunarfræði.

Meistararitgerð (60/90e)

HVS011L	MS Heilbrigðisvísindi – Hjúkrunarfræði	Haust/Vor
---------	--	-----------

Kennsluskra
Heilbrigðisvísindi, MS

3.0 Viðbótardiplóma á sérsviðum hjúkrunar

Eftirfarandi viðbótardiplómanám á meistarastigi hefst haustið 2024.

- Hjúkrunarstjórnun og forysta
- Hjúkrun langveikra
- Skurðhjúkrun
- Svæfingahjúkrun

Eftirfarandi viðbótardiplómanám er í gangi en ekki tekið inn í það haustið 2024.

- Hjúkrun aðgerðasjúklinga

Inntökuskilyrði í viðbótardiplómanám

Til að innritast í viðbótardiplómanám á meistarastigi við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild þarf umsækjandi að hafa lokið BS-prófi í hjúkrunarfræði eða öðru samsvarandi prófi (240e) og vera handhafi hjúkrunarleyfis á Íslandi. Miðað er við að umsækjandi hafi að lágmarki 6,5 í meðaleinkunn úr BS-prófi eða samsvarandi námi. Jafnframt þarf umsækjandi að búa yfir góðri enskukunnáttu. Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands er heimilt að víkja frá reglunni um BS-próf, hafi umsækjandi aflað sér sérstakra starfsréttinda eða lokið ákveðnu formlegu námi á því sviði sem tilgreint er í auglýsingu um viðkomandi viðbótardiplómanám.

Ef umsækjandi er með BS próf frá erlendum háskóla fer fram samanburðarmat miðað við íslenska háskóla hjá Matsskrifstofu HÍ. Út frá því er metið hvort umsækjandi þurfi að fara í forkröfunám til undirbúnings fyrir framhaldsnám.

ATH: Ekkert er því til fyrirstöðu að viðbótardiplómanemendur taki önnur námskeið á meistarastigi þó þau tilheyri ekki námsleiðinni, ef forkröfur leyfa, sem koma þá ekki til gráðu.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar eru metnar úr BS námi inn á meistaranámsferil ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5. Það á ekki við um diplómanám. Nemendur geta hinsvegar sótt um að fá hluta af viðbótardiplómanámi sínu metið inn í meistaranám, í samræmi við önnur inntökuskilyrði og samsetningu náms á kjörsviði.

3.1 Viðbótardiplómanám með áherslu á hjúkrunarstjórnun og forystu (32e)

Umsjón með náminu: Helga Bragadóttir, helgabra@hi.is

Námsnefnd:

- Helga Bragadóttir prófessor, helgabra@hi.is
- Ásta Thoroddsen prófessor, astat@hi.is
- Birna G. Flygenring lektor, bgf@hi.is
- Hrund Sch. Thorsteinsson aðjúnkt, hrundth@hi.is

Gert er ráð fyrir að námið dreifist á 4 misseri.

Markmið

Í viðbótardiplómanámi með áherslu á hjúkrunarstjórnun og forystu er lögð áhersla á að dýpka þekkingu, skilning og færni nemenda á sviði stjórnunar og forystu í hjúkrun og heilbrigðisþjónustu og þar með undirbúa þá til starfa sem stjórnendur og leiðtoga í hjúkrun.

Skuldunámskeið (20e)

HJÚ140F	Fræðileg aðferð (2e)	Haust
HJÚ142F	Rekstur og heilbrigðisþjónusta (6e)	Haust

HJÚ259F	Stjórnun í heilbrigðisþjónustu (6e)	Vor 2025
HJÚ258F	Forysta í heilbrigðisþjónustu (6e)	Vor 2026

Bundið val (6-10e)

OSS102F	Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga (6e)	Haust
OSS204F	Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana (6e)	Vor
VIÐ175	Velliðan og heilsueflandi þjónandi forysta (7,5e)	Haust
VIÐ190F	Breytingastjórnun (7,5e)	Haust
NAF003F	Nám fullorðinna og þróun mannauðs (10e)	Haust

Valnámskeið (2-6e)

Nemendum er sérstaklega bent á námskeið í Hjúkrunar- og ljósmóðurfraeðideild (HJÚ), námskeið innan Lýðheilsuvísinda (LÝÐ), nýsköpun og frumkvöðlafræði (VIÐ/Verk), hnattræn tengsl (MAN) og þróunarfræði (ÞRÓ).

Kennsluskrá

[Hjúkrunarstjórnun og forysta](#)

3.2 Viðbótardiplómanám með áherslu á hjúkrun langveikra (30e)

Umsjón með náminu: Helga Jónsdóttir, helgaj@hi.is

Námsnefnd

- Helga Jónsdóttir, helgaj@hi.is
- Þóra Jenný Gunnarsdóttir, thoraj@hi.is
- Marianne E. Klinke, marianne@hi.is

Gert er ráð fyrir að námið dreifist á 3-4 misseri.

Markmið

Að efla þekkingu nemenda á heilsufarsástandi og úrræðum í hjúkrun langveikra einstaklinga og fjölskyldna þeirra og tekur mið af bráðu og langvinnu ástandi og fjölbættum vettvangi þar sem þessum skjólstæðingum er veitt þjónusta.

Skyldunámskeið (12e)

HJÚ140F	Fræðileg aðferð (2e)	Haust
HJÚ159F	Lyfjafræði fyrir hjúkrunarfræðinga (6e)	Haust
HJÚ274F	Hjúkrun langveikra- klínísk ritgerð (4e)	Vor

Valnámskeið (18e)

Dæmi um valnámskeið:

HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)	Vor
HJÚ142F	Rekstur og heilbrigðisþjónusta (6e)	Haust
HJÚ258F	Forysta í heilbrigðisþjónustu	Vor 2026

Kennsluskrá

[Hjúkrun langveikra](#)

3.3 Viðbótardiplómanám í svæfingahjúkrun (80e)

Umsjón með náminu hefur: Þórunn Scheving Elíasdóttir, tse@hi.is

Umsjón með klínískum námskeiðum og einstaka námskeiðum hafa Lára Borg Ásmundsdóttir og Ásgeir Valur Snorrason.

Námsnefnd

- Þórunn Scheving Elíasdóttir, dósent, sérfræðingur í svæfingahjúkrun, tse@hi.is
- Lára Borg Ásmundsdóttir, sérfræðingur í svæfingahjúkrun, klínískur lektor, aðjúnkt, laraasmu@landspitali.is
- Ásgeir Valur Snorrason, sérfræðingur í svæfingahjúkrun, geirigas@landspitali.is
- Heiða Björk Birkisdóttir, M.S svæfingahjúkrunarfræðingur, hbb3@hi.is
- Þórdís Borgþórsdóttir M.S sérfræðingur í svæfingahjúkrun, tob@hi.is

Um námið

Boðið er upp á námið í samvinnu við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands og Landspítala. Aðeins er tekið við takmörkuðum fjölda nemenda vegna takmarkaðrar getu sjúkrastofnana til að veita nemendum klíníska starfsþjálfun. Námið byggir á gæðastöðlum alþjóðasamtaka svæfingahjúkrunarfræðinga (IFNA) og hefur hlotið vottun um að uppfylla allar kröfur staðalsins (stig 3) sem samtökin gera til aðildarfélaga sinna. Námið er skipulagt sem tveggja ára 80 eininga nám á meistarastigi. Þar af eru 50 einingar bóklegt nám sem dreifist á fjögur misseri og 30 einingar klínískt nám sem spannar frá haustinu 2024 til vorsins 2026.

Markmið

Markmið viðbótardiplómanáms í svæfingahjúkrun er að nemendur öðlist sérhæfða þekkingu og færni til að veita hágæða svæfingahjúkrun og beiti svæfingafræðilegri nálgun byggða á gagnreyndri þekkingu í meðferð skjólstaðinga. Að námi loknu hafa þeir öðlast verulega færni í að afla, greina og meta klínísk gögn og upplýsingar á sérsviði svæfingahjúkrunar og beita gagnreyndum aðferðum við að skipleggja og leiða flókna hjúkrun í þverfræðilegu samstarfi. Nemendur öðlast hæfni til að taka þátt í rannsóknum og geta átt frumkvæði að þróunarverkefnum á sviði svæfingahjúkrunar og stýrt slíkum verkefnum auk þess að viðhalda þekkingu sinni og takast á við frekara nám og þekkingarsköpun í faginu.

Inntökuskilyrði

BS-próf í hjúkrunarfræði eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr BS-prófi, góð íslensku- og enskukunnátta og íslenskt hjúkrunarleyfi. Gerð er krafa um að lágmarki 1 árs starfsreynslu í hjúkrun. Við val á umsækjendum er tekið mið af eftirfarandi þáttum:

- Meðaleinkunn á BS prófi í hjúkrunarfræði
- Annarri viðbótarmenntun sem nýtist í starfi sem undirbúningur fyrir námið
- Starfsreynslu
- Greinargerð með umsókn um forsendur fyrir vali á náminu og námsmarkmið (200-300 orð)
- Frammistöðu í viðtali
- Umsögn meðmælanda
- Viðtöl verða tekin við umsækjendur sem uppfylla inntökuskilyrði

Einungis verður unnt að taka við 15 umsækjendum í námið haustið 2024. Tólf námsstöður verða í boði á Landspítala, tvær á Sjúkrahúsi Akureyrar og ein á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.

Námskeið (50e)

HJÚ140F	Fræðileg aðferð (2e)	Haust
HJÚ151F	Lyfjafræði svæfingalyfja (4e)	Haust 2024
HJÚ152F	Svæfingahjúkrun I (6e)	Haust 2024
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)	Vor
HJÚ218F	Eðlis- og efnafræði svæfinga (4e)	Vor 2025
HJÚ219F	Svæfingahjúkrun II (6e)	Vor 2025
HJÚ280F	Sérsvið svæfingahjúkrunar I (1,5e)	Vor 2025
HJÚ337F	Svæfingahjúkrun III (4e)	Haust 2025
HJÚ338F	Öryggi (4e)	Haust 2025
HJÚ438F	Endurlífgun og svæfingar bráðveikra sjúklinga (6e)	Vor 2026

HJÚ446F	Sérsvið svæfingahjúkrunar (1,5e)	Vor 2026
HJÚ443F	Svæfingahjúkrun IV (5e)	Vor 2026
HJÚ446F	Sérsvið svæfingahjúkrunar II (1,5e)	Vor 2026

Klínísk starfsþjálfun (30e)

HJÚ170F	Klínísk starfsþjálfun í svæfingahjúkrun I (7e)	Haust 2024
HJÚ281F	Klínísk starfsþjálfun í svæfingahjúkrun II (8e)	Vor 2025
HJÚ345F	Klínísk starfsþjálfun í svæfingahjúkrun III (7e)	Haust 2025
HJÚ448F	Klínísk starfsþjálfun í svæfingahjúkrun IV (8e)	Vor 2026

Nemendur skila 1700 stundum í klínískri starfsþjálfun í svæfingahjúkrun sem nær yfir tveggja ára námstímabilið í 80% starfshlutfalli á svæfingadeildum skv. starfssamningi.

Aðgangur að frekara námi

Nemendur geta fengið hluta af viðbótardiplómanámi sínu metið inn í nám til meistaraþrófs við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands. Skilyrði er lágmarkseinkunn 6.0 í einstökum námskeiðum í diplómanámi og 6,5 í meðaleinkunn til að það sé metið inn í meistaranám. Námskeiðið Fræðileg aðferð telst ekki á meistarastigi og fæst því ekki metið inn í meistaranám.

Námið er auglýst með fyrirvara um að nægileg þátttaka fáiast. - Sótt er um rafrænt á vef HÍ, www.hi.is

Kennsluskrá

[Svæfingahjúkrun](#)

3.4 Viðbótardiplómanám í skurðhjúkrun (80e)

Umsjón með náminu: Þórunn Scheving Elíasdóttir, tse@hi.is

Námsnefnd

- Þórunn Scheving Elíasdóttir, dósent, sérfræðingur í svæfingahjúkrun, tse@hi.is
- Áshildur Kristjánsdóttir, sérfræðingur í skurðhjúkrun aðjúnkt, ashildkr@landspitali.is
- Ragnheiður Jónsdóttir, sérfræðingur í skurðhjúkrun, ragnhej@landspitali.is
- Birgir Örn Ólafsson, sérfræðingur í skurðhjúkrun og aðjúnkt, birgiro@hi.is

Um námið

Boðið er upp á námið í samvinnu við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands og Landspítala. Aðeins er tekið við takmörkuðum fjölda nemenda vegna takmarkaðrar getu sjúkrastofnana til að veita nemendum klíníska starfsþjálfun. Námið er skipulagt sem tveggja ára 80 eininga nám á meistarastigi. Þar af eru 50 einingar bóklegt nám sem dreifist á fjögur misseri og 30 einingar klínískt nám sem spannar frá haustinu 2024 til vorsins 2026.

Markmið

Markmið viðbótardiplómanáms í skurðhjúkrun er að nemendur öðlist sérhæfða þekkingu á sviði skurðhjúkrunar og geti fært rök fyrir flóknum hjúkrunarfræðilegum úrlausnum byggða á gagnreyndri þekkingu. Að námi loknu hafa þeir öðlast verulega færni í að afla, greina og meta klínísk gögn og upplýsingar á sérsviði skurðhjúkrunar og geta lagt fram hjúkrunaráætlun, byggða á bestu þekkingu hverju sinni og framfylgt henni. Nemendur öðlast jafnframt hæfni til að taka þátt í rannsóknum og geta átt frumkvæði að þróunarverkefnum á sviði skurðhjúkrunar og stýrt slíkum verkefnum og stuðlað þannig að þróun fagsins jafnt innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.

Inntökuskilyrði

BS-próf í hjúkrunarfræði eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn úr BS-prófi, góð íslensku- og enskukunnátta og íslenskt hjúkrunarleyfi.

Við inntöku í viðbótardiplómanám í skurðhjúkrun er tekið mið af eftirfarandi:

- Einkunn úr B.S námi í hjúkrunarfræði eða samsvarandi próf með að lágmarki 6,5 í meðaleinkunn. Hæsta einkunnin raðast efst.
- Íslenskt hjúkrunarleyfi.
- Önnur menntun og/eða starfsreynsla sem nýtist sem undirbúningur fyrir námið. Starfsreynsla af skurðstofu raðast efst.
- Greinargerð með umsókn þar sem fjallað er stuttlega um forsendur fyrir vali á námi, áhugasvið og námsmarkmið, 200-300 orð.
- Góð ensku kunnátta.
- Frammistaða í viðtali.
- Umsögn tveggja meðmælanda.

Einungis verður unnt að taka við 17 umsækjendum í námið haustið 2024. Sextán námsstöður verða í boði á Landspítala og ein á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Skyldunámskeið (50e)

HJÚ140F	Fræðileg aðferð (2e)	Haust
HJÚ153F	Skurðhjúkrun I (10e)	Haust 2024
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)	Vor
HJÚ251F	Sérhæfð líffærafræði skurðlækninga (6e)	Vor 2025
HJÚ339F	Skurðhjúkrun II (10e)	Haust 2025
HJÚ338F	Öryggi (4e)	Haust 2025
HJÚ444F	Skurðhjúkrun III (12e)	Vor 2026

Klínísk starfsþjálfun (30e)

HJÚ172	Klínísk starfsþjálfun í skurðhjúkrun I (7e)	Haust 2024
HJÚ282F	Klínísk starfsþjálfun í skurðhjúkrun II (8e)	Vor 2025
HJÚ346F	Klínísk starfsþjálfun í skurðhjúkrun III (7e)	Haust 2025
HJÚ447F	Klínísk starfsþjálfun í skurðhjúkrun IV (8e)	Vor 2026

Nemendur skila 1608 stundum í klínískri starfsþjálfun í skurðhjúkrun yfir tveggja ára námstímann. Nemendur eru í 80% starfshlutfalli á skurðstofum á námstímanum samkvæmt starfssamningi.

Námið er auglýst með fyrirvara um að nægileg þátttaka fái.

Aðgangur að frekara námi

Nemendur geta fengið hluta af diplómanámi sínu metið inn í nám til meistaraþrófs við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands. Viðbótardiplómanám í skurðhjúkrun er nauðsynlegur undanfari fyrir meistaranám með áherslu á skurðhjúkrun. Skilyrði er lágmarkseinkunn 6.0 í einstökum námskeiðum í diplómanámi og 6,5 í meðaleinkunn til að það sé metið inn í meistaranám. Námskeiðið Fræðileg aðferð telst ekki á meistarastigi og fæst því ekki metið inn í meistaranám.

Kennsluskrá

[Skurðhjúkrun](#)

3.5 Viðbótardiplómanám með áherslu á hjúkrun aðgerðasjúklinga (30e)

ATH. Ekki tekið inn haustið 2024

Umsjón með náminu: Herdís Sveinsdóttir herdis@hi.is

4.0 Ljós móðurfræði (120e)

Forstöðumaður námsbrautar í ljós móðurfræði: Valgerður Lísa Sigurðardóttir

Námsbraut í ljós móðurfræði

- Emma Marie Swift
- Hildur Sigurðardóttir
- Valgerður Lísa Sigurðardóttir

Námsnefnd í ljós móðurfræði

- Berglind Hálfhánsdóttir
- Súsanna Knútsdóttir
- Helga Gottfreðsdóttir
- Embla Ýr Guðmundsdóttir
- Ragnheiður Bachmann

4.1 MS - Ljós móðurfræði til starfsréttinda (120e)

ATH. Haustið 2019 tóku gildi breytingar á námskrá í ljós móðurfræði með stofnun nýrrar námsleiðar, ljós móðurfræði til starfsréttinda, MS. Með þessum breytingum var námsleiðin Kandidatsnám í ljós móðurfræði felld niður, í staðinn lýkur námi í ljós móðurfræði með meistaragráðu til starfsréttinda. Tekið var í síðasta skipti inn í námsleiðina Kandidatsnám í ljós móðurfræði haustið 2018.

Námið er tveggja ára fræðilegt og klínískt nám til 120 eininga á meistarastigi við Hjúkrunar- og ljós móðurfræðideild Háskóla Íslands. Náminu lýkur með meistaragráðu í ljós móðurfræði (Midwifery with Professional Recognition) sem tryggir starfsréttindi eftir að sótt hefur verið um ljós móðurleyfi til Embættis landlæknis.

Námið skiptist í 65 eininga fræðilegt nám, þar af er 30 eininga meistaraverkefni og klínískt nám og starfsþjálfun (u.þ.b. 1600 stundir) til 55 eininga þar sem lögð er áhersla á gagnreynda þekkingu í starfi. Fjöldi nemenda er takmarkaður. Nemendur sem fá inngöngu í ljós móðurfræði til starfsréttinda að vori, þurfa að hefja nám að hausti (ekki er hægt að fresta upphafi náms).

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði er BS gráða í hjúkrunarfræði og íslenskt hjúkrunarleyfi. Ef umsækjandi er með BS próf frá erlendum skóla fer fram samanburðarmat miðað við íslenska háskóla hjá Matskrifstofu HÍ. Forkrafa fyrir umsókn er einnig að hafa lokið tveimur námskeiðum (2x6 einingar) af 4. ári BS náms í hjúkrunarfræði við Hjúkrunar- og ljós móðurfræðideild Háskóla Íslands. Allir þurfa að taka *HJÚ825G Kynheilbrigði 6e* (vor) HÍ en hægt er að velja á milli þess að taka *HJÚ828G Konur, heilsa og samfélag 6e* (vor) HÍ eða *HBK0110 Heilbrigði kvenna 10e* (vor) HA.

Teknir eru inn 14 umsækjendur á ári hverju.

Skyldunámskeið (90e)

1. ár

LJÓ110F	Þekking og aðferðir í ljós móðurfræði (4e)	Haust
LJÓ111F	Barneignarferli I – Meðganga, fæðing og sængurlega (10e)	Haust
LJÓ112F	Nýburamat (4e)	Haust
LJÓ108F	Klínísk starfsþjálfun I (12e)	Haust
LJÓ210F	Barneignarferli II – frávik og meðferðir (8e)	Vor
LJÓ205F	Klínísk starfsþjálfun II (10e)	Vor
LJÓ211F	Rannsóknir í ljós móðurfræði (8e)	Vor

LJÓ203F	Ráðgjöf um getnaðarvarnir (4e)	Vor
---------	--------------------------------	-----

2. ár

LJÓ305F	Barneignarferli III og kyn- og kvenheilbrigði (8e)	Haust
LJÓ307F	Klínísk starfsþjálfun III – Sérhæfing í ljósmóðurstarfi (10e)	Haust
LJÓ404F	Klínísk starfsþjálfun IV – þróun fagmennsku og starfsréttindi í ljósmóðurstarfi (12e)	Vor

Meistaraverkefni (30e)

LJÓ443L	Meistaraverkefni (30e)	Haust/Vor
LJÓ008F	Málstofa í ljósmóðurfræði (0e)	Haust/Vor

Athugið að hvert námskeið er nauðsynleg undirstaða og forkrufa fyrir næsta námskeið. Því er ekki hægt að raða námskeiðum upp öðruvísi en gefið er upp í kennsluskrá. Námshlé, t.d. vegna barneigna á námstímanum þýðir seinkun á námi um eitt ár.

Kennsluskrá

[Ljósmóðurfræði til starfsréttinda](#)

4.2 MS - Ljósmóðurfræði (120e)

Námsleiðin Meistaránám í ljósmóðurfræði er í boði fyrir ljósmæður sem lokið hafa kandiðatsprófi.

Inntökuskilyrði

Embættispróf í ljósmóðurfræði frá Háskóla Íslands með að lágmarki 6,5 í meðaleinkunn eða sambærilegt nám.

Nemendur sem hafa lokið kandiðatsprófi í ljósmóðurfræði frá Háskóla Íslands fá metnar 42 einingar úr kandiðatsnáminu og 30 einingar úr BS námi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands (miðað við lágmarkseinkunn 6,5 upp úr BS námi) eða sambærilegu námi. Þeir ljúka því 48 einingum; 18 einingum sem teljast til skyldunámskeiða í meistaranámi og 30 eininga meistaraverkefni. Ef nemandi hyggst ljúka meistaranámi í ljósmóðurfræði á einu ári þarf að gera áætlun um námið í samráði við umsjónarkennara **við inntöku** og leggja hana fyrir rannsóknanámsnefnd til samþykktar. Gert er ráð fyrir að námið taki ekki lengur en tvö ár.

Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og stór hluti þess er fólgin í vinnu nemenda að eigin rannsóknarverkefni, rannsóknarskýrslu og handriti að tímaritsgrein.

Mat á fyrra námi

Allt að 30 einingar metnar úr BS námi ef meðaleinkunn nam að lágmarki 6,5. Nemendur fá 42 einingar metnar úr kandiðatsnámi sínu í ljósmóðurfræði.

Skyldunámskeið (18e)

HJÚ135F	Hagnýt tölfraði (6e)	Haust
HJÚ252F	Hagnýting meginlegrar aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ253F	Eigindleg aðferðafræði (6e)	Vor
HJÚ0AIF	Málstofa í hjúkrunarfræði (hluti af meistaraverkefni)	Haust/Vor*

*Nemendur þurfa að skrá sig haust og vor í málstofu (sama númer, sín hvor skráningin) meðan á námi stendur, en ekki síðar en þegar vinna við lokaverkefni hefst. Umsjónarkennari málstofu sendir upplýsingar til allra meistaranema í upphafi hvers misseris en meistaranemar þurfa að taka þátt í a.m.k. 10 málstofum til að brautskrást.

Meistararitgerð (30e)

LJÓ442F	Lokaverkefni	Haust/Vor
---------	--------------	-----------

Valnámskeið (valkvætt)

Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða og Félagsvísindasviðs sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að ráðfæra sig við umsjónarkennara. [Sjá dæmi um valnámskeið aftast í þessum bæklingi.](#)

Kennsluskrá

[Ljósmóðurfræði, MS \(eftir kandídatspróf\)](#)

5.0 Doktorsnám í hjúkrunarfræði/ljós módurfræði/heilbrigðisvísindum (180/240e)

Hjúkrunar- og ljós módurfræðideild býður upp á doktorsnám í hjúkrunarfræði og ljós módurfræði til 180/240 eininga að loknu meistaraþrófi. Doktorsnám að loknu meistaraþrófi skal jafngilda a.m.k. þriggja ára námi í fullu starfi. Heimilt er að doktorsnemi sé skráður í hlutanám frá upphafi. Sjái nemandi fram á að geta ekki lokið náminu innan fjögurra ára frá því að það hófst skal hann sækja um til fastanefndar deildar að vera áfram innritaður í námið í allt að eitt ár til viðbótar. Allir innritast í 180 eininga nám (stærð lokaritgerðar), en sérstök rök þurfa að liggja að baki umsókn um 240 e nám.* Námskeið geta numið allt að 30 einingum, þannig að auk 13 eininga í skyldunámskeiðum er hægt að bæta við allt að 17 einingum í námskeiðum. Það kemur þó ekki til frádráttar doktorsritgerð sem er 180 einingar.

Fastanefnd Hjúkrunar- og ljós módurfræðideildar um doktorsnám:

- Helga Bragadóttir formaður
- Guðrún Kristjánsdóttir
- Erla Kolbrún Svavarsdóttir

Markmið

Markmið doktorsnáms í Hjúkrunar- og ljós módurfræðideild er að veita doktorsnemanum þjálfun og innsýn í rannsóknaraðferðir hjúkrunarfræðinnar/ljós módurfræðinnar og tengdra greina og að neminn öðlist ítarlega þekkingu á sviði doktorsverkefnis síns. Í náminu felst þjálfun í undirbúningi og framkvæmd rannsókna, úrvinnslu og túlkun rannsóknarniðurstaðna, kynningu og rökræðum á eigin rannsóknum í samhengi við þekkingu á fræðasviðinu svo og birtingu í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum. Þannig verði doktorsefnið vel undir það búíð að starfa sjálfstætt að vísindum.

Inntökuskilyrði

Sjá nánari upplýsingar um umsóknarferli á vef [Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands](http://heilbrigdisvisindasviðs.haskola.is). Verkefnastjóri framhaldsnáms veitir einnig nánari upplýsingar, huldalong@hi.is, s. 5255204.

Skyldunámskeið (16e)

HJÚ507F	Doktorsseminar (10e)	Heilsárs
HSP073F	Síðfræði rannsókna (3e)	Haust

Valnámskeið

LJÓ005F Kenningar og hugmyndafræðileg nálgun ljós módurfræða
Ekki í boði árlega. Sjá nánari upplýsingar í kennsluskra hvers skólaárs.

Valnámskeið eru tekin við Háskóla Íslands eða aðra viðurkennda háskóla í samvinnu við leiðbeinendur. Fyrir utan skyldunámskeið er heimilt að taka valnámskeið til allt að 14 eininga auk 180/240 eininga doktorsverkefnis. Námskeið geta því verið allt að 30 einingar.

Doktorsritgerð í hjúkrunarfræði

HJÚ561L Lokaverkefni (180/240e)

Doktorsritgerð í ljós módurfræði

LJÓ501L Lokaverkefni (180/240e)

Doktorsritgerð í heilbrigðisvísindum

HVS001L Drn. Heilbrigðisvísindi – Hjúkrunarfræði (180/240e)

Sjá nánari upplýsingar um doktorsnám á vef [Heilbrigðisvísindasviðs HÍ](http://heilbrigdisvisindasviðs.hi.is):

<http://www.hi.is/heilbrigdisvisindasvið/doktorsnam>

*Óski nemandi eftir að stækka sitt verkefni í 240 einingar, þarf hann ásamt sínum umsjónarkennara/leiðbeinanda að leggja fram rökstuðning fyrir fastanefnd sinnar deildar sem tekur ákvörðun um hvort beiðnin verður samþykkt eða ekki.

Kennsluskrá

[Ljósmyndfræði til doktorsprófs – Hjúkrunarfræði til doktorsprófs – Heilbrigðisvísindi til doktorsprófs](#)

6.0 Valnámskeið – Dæmi

Nemendum er bent á námskeið innan Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar, annarra deilda Heilbrigðisvísindasviðs, Menntavísindasviðs, Lýðheilsufræða, Félagsvísindasviðs eða annara deilda og skóla sem þeir geta valið. Þó skal tekið fram að valnámskeið þurfa að falla að námsmarkmiðum hvers nemanda og mikilvægt er að nemandi ráðfæri sig við umsjónarkennara sinn áður en námskeið er valið.

- Ath. Í sumum tilvikum geta forkröfur verið skilyrði fyrir skráningu í námskeið.
- Ath. Sum námskeið eru kennd annað hvert ár eða sjaldnar og þá er árið tiltekið

Hér eru nokkur dæmi um námskeið sem nemendur geta valið:

HJÚ142F	Rekstur og heilbrigðisþjónusta (6e)	Haust
LYF107M	Inngangur að lyfjavísindum	Haust 2024
HJÚ159F	Lyfjafræði fyrir hjúkrunarfræðinga (6e)	Haust
HJÚ160F	Gjörgæsluhjúkrun I (8e)	Haust 2025
HJÚ0AJF	Barnahjúkrun I – Lesnámskeið (8e)	Vor
HJÚ0AQF	Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6e)	Vor
HJÚ271F	Bráðahjúkrun (6e)	Vor
HJÚ801F	Forysta í hjúkrun - hnattræn nálgun (3e)	Vor
BLF201M	Þáttagerð. Vinnsla fræðilegs efnis fyrir útvarp (í samvinnu við RÚV) (6e)	Vor/Sumar
LÝÐ202F	Verklag í vísindum (6e)	Vor 2025
HJÚ259F	Stjórnun í heilbrigðisþjónustu (6e)	Vor 2025
HJÚ274F	Hjúkrun langveikra - klínísk ritgerð	Vor 2025
ÖLD201F	Áhrifaþættir öldrunar: Umhverfi, félagstengsl og heilsufar (10e)	Vor 2025
HJÚ258F	Forysta í heilbrigðisþjónustu (6e)	Vor 2026